



Fjárhagsáætlun Strandabyggðar, 2023-2026

Greinargerð

Sveitarstjórn Strandabyggðar leggur nú fram fjárhagsáætlun ársins 2023 og næstu þriggja ára þar á eftir. Þetta er önnur fjárhagsáætlunin sem lögð er fram undir ramma samnings sem gerður var við Innviðaráðuneytið um fjárhagslegan stuðning til sveitarfélagsins, auk aðstoðar við fjárhagslega endurskipulagningu. Öll vinna og verkferli við fjárhagsáætlanagerðina er þó með sama hætti og áður; fundir með forstöðumönnum, starfsmönnum, endurskoðendum, heimsóknir í stofnanir sveitarfélagsins og vinnufundir sveitarstjórnar. Unnið er með áætlunarlíkan KPMG.

Við gerð þessarar fjárhagsáætlunar tók sveitarstjórn þá ákvörðun, að sýna þá framkvæmdaþörf sem forstöðumenn og sveitarstjórn teldu raunverulega, í stað þess að ákveða fyrirfram að tilgreina aðeins hluta þessara framkvæmda. Með þessu telur sveitarstjórn sig takast á við svokallaða innviðaskuld, sem er það ástand þegar sveitarfélag nær ekki að halda innviðum og eignum sínum í horfinu. Við þær aðstæður er viðhald ekkert eða í lágmarki, sem síðan skapar framtíðarþörf fyrir miklar fjárfestingar í innviðum til að leiðrétta þessa skuld.

Fjárhagsáætlun 2023 litast því nokkuð af þeirri innviðaskuld sem blasir við í Strandabyggð. Eignir sveitarfélagsins þarfnast viðhalds og viðgerða, langt umfram það sem telst ásættanlegt fyrir lítið sveitarfélag eins og Strandabyggð. Má þar nefna innviði eins og götur, gangstéttir, opin svæði, leikskólalóð og fasteignir sveitarfélagsins, og ber þar helst að nefna grunnskólann. Í lok nóvember komu niðurstöður sýnatöku í grunnskólabyggingunni og kom þar í ljós veruleg mygla um alla bygginguna. Sérfræðingar Verkfræðistofunnar EFLU munu meta ástand byggingarinnar m.t.t. viðgerðarhæfis og kostnaðar. Má búast við niðurstöðum í kring um áramót eða snemma á nýju ári. Þessar erfiðu fréttir lita eðlilega framkvæmda- og fjárfestingaráætlanir næstu ára. Sveitarstjórn áætlar engu að síður kostnað við viðgerðir á næsta ári og næstu árum, en búast má við að þessi áætlun verði uppfærð strax á næsta ári, þegar endanleg niðurstaða EFLU liggur fyrir.

Þrátt fyrir þetta áfall, leggur sveitarstjórn engu að síður upp með áætlun sem sýnir raunþörf framkvæmda í Strandabyggð. Er það mat sveitarstjórnar að mikilvægt sé að draga upp rétta og raunsæja mynd af þeim kostnaði sem framundan er við að laga innviði sveitarfélagsins og koma þeim í það horf, að hægt sé að skipuleggja og viðhalda reglubundu ástandi innviða og eigna. Er þetta mat m.a. byggt á viðræðum við endurskoðendur sveitarfélagsins og aðra innan stjórnkerfisins.

Helstu forsendur áætlunarinnar:

Við fjárhagsáætlanagerð að þessu sinni hefur sveitarstjórn stuðst við gögn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, sem gefur út yfirlit um helstu forsendur almennt sem byggja á forsendum Hagstofu Íslands, en einnig er stuðst við umræðu frá Fjármálaráðstefnu sveitarfélaga 2022, Landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga 2022 og aðrar hagtöur.

Nokkrar lykilbreytur:

- Gert er ráð fyrir 5% hækkun framlaga Jöfnunarsjóðs á, 2024-2026
- Gert er ráð fyrir hækkun annarra tekna um 2,5% á sama tímabili
- Gert er ráð fyrir hækkun annars rekstrarkostnaðar um 2% á sama tímabili
- Gert er ráð fyrir óbreyttum starfsmannafjölda sveitarfélagsins
- Aukið álag er á útsvar og er hlutfallið 14,95% árið 2023. Ekki liggur fyrir ákvörðun um álag næstu ára. Formleg staðfesting ráðuneytis á heimild til þessa álags er væntanleg
- Íbúafjöldi í árslok er áætlaður þróað úr 433 2023 í 445 árið 2026
- Gert er ráð fyrir að vísitala neysliverðs lækki úr 8,2% 2022 í 5,6% 2023, 3,5% 2024, 2,6% 2025 og 2,5% 2026
- Vaxtahlutfall af langtímaskuldum er áætlað að meðaltali 4,5%.

Megin áherslur í fjárfestingum

Nokkrar af helstu áherslum sveitarstjórnar í fjárhagsáætlun 2023 eru:

- Taka á raunverulegri innviðaskuld, í stað þess að birta einungis hluta hennar
- Götur og svæði sem blasa við almenningi og ferðamönnum, skulu vera í forgangi 2023
- Kallað er eftir hugmyndum um uppbyggingu ákveðinna svæða svo sem; Tanganum, Tankinum, Skeiði, ofl.
- Endurhanna þarf umhverfi Jakobínutúns, í ljósi fyrirhugaðrar hótélbyggingar á þeim reit. Hótél á Jakobínutúni mun kalla á endurhönnun bílastæða og gatnakerfis á bílastæði við félagsheimili og íþróttamiðstöð auk svæðis á Festisreitnum
- Hefja endurhönnun frárennsliskerfis á Hólmavík
- Hefja endurskipulagningu Sorpsamlags Strandasýslu, sem Strandbyggð á að lang stæstum hluta.

Eftirfarandi mynd sýnir helstu fjárfestingar deilda:

	23	24	25	26	Samtals
A hluti - Eignasjóður					
Grunnskóli	50.000.000	50.000.000	50.000.000	50.000.000	200.000.000
Leikskóli	15.000.000	10.000.000	6.500.000	5.000.000	36.500.000
Íþróttamiðst	16.000.000	14.450.000	7.500.000	7.500.000	45.450.000
Tjaldsvæði	13.000.000	5.000.000	5.000.000	5.000.000	28.000.000
Félagsheimili	5.000.000	5.000.000	5.000.000	5.000.000	20.000.000
Skrifstofa	1.000.000	3.000.000	2.000.000	1.000.000	7.000.000
Gatnagerð	43.400.000	46.000.000	23.000.000	26.000.000	138.400.000
Hreinlætismál	5.000.000	5.000.000	5.000.000	5.000.000	20.000.000
Annað (HMS, réttir, brunavarnir)	23.500.000				23.500.000
B hluta félög					
Höfn	10.600.000	5.000.000	5.000.000		20.600.000
Vatnsveita	2.000.000	23.500.000	13.500.000		39.000.000
Fráveita	12.000.000	20.000.000			32.000.000
Ljósleiðari	1.000.000				
Samtals	197.500.000	186.950.000	122.500.000	104.500.000	

Fjárfestingarþörf í grunnskóla er óljós en er hér áætluð allt að 200 milljónir á næstu fjórum árum.

STRANDABYGGÐ HAFNARBRAUT 25 510 HÓLMAVÍK KT:570806-0410

SIMI 451-3510 BANKI 1161-26-1 NETFANG: STRANDABYGGD@STRANDABYGGD.IS VEFUR:WWW.STRANDABYGGD.IS

Rétt er að ítreka, að sú lækkun á framkvæmdakostnaði sem hér birtist frá 2023 til 2026, er ekki endilega rökrétt, því það er ótvírætt vilji sveitarstjórnar að halda áfram á þeirri vegferð að vinna á innviðaskuld sveitarfélagsins og því líklegara en ekki, að fjárfestingarkostnaður hækki áfram úr tímabilið. Hér er því einfaldlega um að ræða vöntun á upplýsingum til að áætla svo langt fram í tímann. Þessar tölur uppfærast því við næstu áætlanagerð o.s.frv.

Nánari útlistun fjárfestinga er eftirfarandi, í grófum dráttum

Fjárfestingar í A hluta, 2023-2026:

- Grunnskóli: Endurbýgging/viðgerð á núverandi húsnæði. Óljóst þar til í janúar
- Leikskóli: Fyrst og fremst endurgerð leikskólalóðar
- Íþróttamistöð: Endunýjuð loftræsting, dúkur á laug, viðgerð á leka milli potta, sérþarfaklefi, endurgerð gufubaðs
- Tjaldsvæði: Hlíðarhellur á tjaldsvæði, gróðursetning runna, nýtt þjónustuhús á tjaldsvæði, hönnun og uppbygging frekari tjaldsvæða
- Skrifstofa: Viðhald húsnæðis fyrst og fremst
- Félagsheimili: Lagt er upp með framkvæmdir við endurnýjun ljósabúnaðar, endurnýjun innihurða, þakkantur er laskaður, mála þarf þakið og bæta aðgengismál við aðalinngang
- Gatnagerð: Lagt er upp með framkvæmdir í eftirtöldum götum og svæðum: Plan við hafnarskúr og vegur út að trébryggju, auk svæðisins frá Hafnarbraut að bryggju, Austurtún, Miðtún, Vitabraut, Skólabraut, Höfðagata, Skjaldbökuslóð, Kópnesbraut og plan við slökkviliðstöð. Að auki er gert ráð fyrir viðgerð á gagnstéttum
- Hreinlætismál: Framundan eru miklar breytingar í sorphirðumálum og liggur fyrir að allt fyrirkomulag mun breytast. Hér er gert ráð fyrir kostnaði vegna þessa
- Annað: Hér er mótframlag Strandabyggðar til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar vegna íbúðarbyggingar, kr. 20.000.000.-, réttarsmíði í Kollafirði kr 3.000.000 og brunavarnir í leikskóla, kr. 500.000.-

Fjárfestingar í B hluta, 2023-2026:

- Höfn: Viðgerð á hafnarvita, lagning grjótgards frá viktarskúr að flotbryggju. Hluti þess kostnaðar fæst endurgreiddur
- Vatnsveita: Bygging dæluhúss við vatnstank og nýtt geislatæki
- Fráveita: Uppbygging nýs fráveitukerfis, kaup á svokallaðri þrepa-hreinsistöð
- Ljósleiðari: Engin áform fyrirbyggjandi, en gæti breyst.

Fjármögnun verkefna 2023-2026

Gert er ráð fyrir fjármögnun með fé úr rekstri ein einnig nýjum lántökum, sem gætu numið: 120 milljónum árið 2023, 150 milljónum árin 2024 og 2025 og 50 milljónum árið 2026.

Afkoma 2023-2026

Það hvílir talsverð óvissa yfir þessari áætlun sökum þess ástands sem ríkir í grunnskólanum. Gert er ráð fyrir framkvæmdum við grunnskólann á árinu 2023 sem nema 50 milljónum. Með þessa framkvæmdaáætlun, almennar forsendur um þróun verðbólgu og vaxta m.t.t. látöku, er engu að

STRANDABYGGÐ HAFNARBRAUT 25 510 HÓLMAVÍK KT:570806-0410

síður gert ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu frá rekstri A og B hluta á árinu 2023 sem nemur ríflega 21 milljón. Næstu ár á eftir skila einnig jákvæðri rekstrarniðurstöðu, eða 53, 74 og 93 milljónir á ári á bilinu 2024-2026.

Rétt er þó að undirstrika enn og aftur, að staðan í málefnum grunnskólans getur hæglega sett þessa áætlun í uppnám.

Slökkvilið – þátttaka í Brunavörnum Dala, Reykhóla og Stranda

Erfitt er að ákveða frekari fjárfestingar hjá Slökkviliði á þessum tímavarki, en þó er ljóst að þær verða einhverjar árin 2024-2026. Alltaf er t.d. undið að endurnýjum búninga.

Sorpsamslag Strandasýslu:

Framundan er lagabreyting í sorphirðu- og urðunarmálum og ljóst að þeirri breytingu fylgja nreytingar og auknar fjárfestingar í umgörð sorpmála í Strandabyggð. Á þessu stigi er erfitt að áætla þann kostnað en unnið er að framkvæmda- og fjárfestingaráætlun á vegum stjórnar og stjórnenda sorpsamlagsins. Nánari upplýsingar verða veittar almenningi á næstunni og síðan samhliða breytingum á starfsemi Sorpsamlagsins.

Niðurlag:

Strandabyggð, eins og öll önnur sveitarfélög, hefur bein áhrif á sína framtíð. Ákvarðanir sveitarstjórnar þjóna þeim tilgangi helst, að: Nýta öll raunhæf og viðráðanleg tækifæri í umhverfinu, til tekjuöflunar og vaxtar og um leið að draga úr og forðast óvissu og áhættu. Strandabyggð er þjónustukjarni á Ströndum. Allar forsendur eru til staðar í umhverfinu til eflingar þess þjónustukjarna. Bara það eitt, að í undirbúningi sé hótélbygging á Hólmavík, gefur sterkt til kynna tiltrú fjárfesta á Strandabyggð, Ströndum og Hólmavík sem áfangastað. Þessi tiltrú er hvatning til sveitarstjórnar og íbúa Strandabyggðar um þau tækifæri sem eru í kring um okkur.

Sveitarstjórn þarf líka að fjárfesta í framtíðar tekjumöguleikum. Áhersla á nýtingu jarðhita gefur t.d. fyrirheit um framtíðar atvinnurekstur sem myndi auka tekjur sveitarfélagsins, skapa atvinnu og aukin verðmæti.

Sveitarstjórn þarf einnig að berjast fyrir umbótum af hálfu hins opinbera, eins og samgönguúrbótum á Innstrandarvegi, til að styðja við hlutverk sveitarfélagsins sem þjónustumiðstöð Stranda og nágrenis. Sama gildir um stuðning við heilbrigðisþjónustu á svæðinu. Þar hefur stöðugildum fækkað, sem grefur undan öryggi og lífsgæðum í sveitarfélaginu og nánasta umhverfi.

Strandabyggð er samningsbundið Innviðaráðuneyti enn sem komið er og þarf á komandi ári að skoða þann samning m.t.t. líftíma hans. Markviss stefna, viðurkenning á innviðaskuld og einbeittur vilji til að takast á við hana, eru leiðarljós sveitarstjórnar í þeirri umræðu, sem og allri nálgun við framtíðina.

Strandabyggð hefur alla möguleika á að eflast og stækka sem vænlegur búsetukostur. Forsenda þess er hins vegar fjárhagslegur styrkur sveitarfélagsins, til að standa undir þeirri samfélagsmynd sem við kjósum okkur. Auknar tekur eru lykilatriði til að þetta gangi eftir.

STRANDABYGGÐ HAFNARBRAUT 25 510 HÓLMAVÍK KT:570806-0410

SIMI 451-3510 BANKI 1161-26-1 NETFANG: STRANDABYGGD@STRANDABYGGD.IS VEFUR:WWW.STRANDABYGGD.IS

Fjárhagsáætlun Strandabyggðar er sett fram með fyrirvara um samþykki Eftirlitsnefndar um fjárhag sveitarfélaga. Sú regla hefur verið viðhöfð af núverandi sveitarstjórn, að halda ávallt eftirlitsnefndinni, Jöfnunarsjóði og endurskoðendum sveitarfélagsins upplýstum um þróun mála á hverjum tíma.

Hólmavík 13.12.22

Þorgeir Pálsson

Oddviti

STRANDABYGGÐ HAFNARBRAUT 25 510 HÓLMAVÍK KT:570806-0410

SIMI 451-3510 BANKI 1161-26-1 NETFANG: STRANDABYGGD@STRANDABYGGD.IS VEFUR:WWW.STRANDABYGGD.IS